ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR **2020/EES/71/03**
nr. 105/2018

frá 31. maí 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1972 frá 30. október 2017 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar eftirlitsáætlun fyrir riðuveiki í hjartardýrum í Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi, Litáen (Lietuva), Póllandi og Svíþjóð og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB ([1]).

2) Reglugerð (ESB) 2017/1972 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/ESB ([2]), sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.

3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.

4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„– **32017 R 1972**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1972 frá 30. október 2017 (Stjtíð. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 14).“

2. Eftirfarandi er bætt við aðlögunartexta 12. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„J. Eftirfarandi er bætt við á eftir orðinu „Litháen“ í lið 1.1 í hluta III.A í A-kafla III. viðauka:

„Noregur,“.“

3. Texti 46. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB) í hluta 7.2 fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1972, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 281, 31.10. 2017, bls. 14.
([2]) Stjtíð. ESB L 84, 24.3. 2007, bls. 373.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.